



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSAN3MC05
Íslenska sem annað mál

Kennari:	Sigprúður Harðardóttir sissa@fsu.is Sólveig Sigmarsdóttir solveigsigmarsdottir@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður lögð áhersla á að þjálfra alla færniþætti í íslensku sem öðru máli; lestur, lesskilning, talað mál, hlustun og ritun. Að auki verður vinna við heimildaritun og vinnu með fjölbreyttar heimildir kennd og þjálfuð. Nemendur lesa fjölbreytta texta; bókmenntir, fræðitexta og texta úr fjölmiðlum, þeir fá innsýn í íslenska menningu og þjálfast í ritun. Markvisst verður lögð áhersla á mikilvægi þess að læra tungumálið, hvaða aðferðum er hægt að beita til að auka orðaforða og bæta færni sína í öllum þáttum íslenskunnar. Áhersla lögð á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum og gagnrýna hugsun.

Undanfari: ÍSAN3MB05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Mikilvægi íslenskunnar í samfélaginu og notkun hennar í nærumhverfi og menningu
- Ýmsum tegundum bókmenntatexta, fræðitexta og rauntexa
- Orðaforða sem varpar ljósi á samfélag, sögu, menningu og helstu þætti daglegs lífs eins og heilsu, menntun, velferð, atvinnulíf og jafnrétti
- Íslensku sem töluðu máli, í samskiptum og með hlustun/áhorfi
- Helstu hugtökum sem tengjast heimildavinnu og heimildaritun og þekki muninn á heimildanotkun og ritstuldi
- Muninum á ritmáli og talmáli

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að láta skoðanir sínar í ljós á skýran hátt þar sem reynir á málfærni og þekkingu
- Að nota hjálpargögn við vinnu á verkefnum sem tengjast náminu
- Að nýta málfræðireglur til að efla eigin málfærni
- Að skilja og nota algeng hugtök í ritun og skrifa skýran og vel upp byggðan texta
- Að beita gagnrýninni hugsun við öflun og úrvinnslu heimilda og vega og meta áreiðanleika þeirra.
- Að kynna og flytja verkefni sín af öryggi fyrir öðrum nemendum og kennurum

- Að lesa og geta endursagt munnlega og/eða skriflega inntak fjölbreyttra bókmenntatexta, fræðitexta og annarra texta, t.d. úr fjölmiðlum

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- Styrkja eigin málfærni með því að nýta sér málfræðilegar upplýsingar
- Beita vönduðu máli í tali og ritun
- Taka þátt í umræðum, rökstyðja mál sitt, túlka texta og eigin afstöðu
- Skrifa skýran og vel uppbyggðan texta, hvort sem hann er byggður á viðurkenndum vinnubrögðum við heimildavinnu eða eigin hugmyndaflugi og sköpunarhæfni

Námsefni:

- Námsefni og verkefni frá kennara
- Heimir – handbók um heimildaritun
- Vefefni og sjónvarpsefni valið af kennara
- Skáldsögur (Unglingabækur frá MMS - goðafræði)

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	8. janúar - 30. janúar	- Námsáætlun áfangans kynnt - Markmiðssetning - Lestur + ritun - Hlustun - Leikur að læra - Hópavinna - Tónlist - Einstaklings viðtöl	Ritun 1 (um bók) Hlustunarpróf 1
5 - 8	2. febrúar- 27. febrúar Vorfrí 23.og 24. apríl	- Lestur + verkefni - Leikur að læra - Heimildavinna og verkefni - Undirbúningur kynningar - Tónlist - Hópavinna	Ritun 2 (um bók) Lesskilningspróf 1 Kynning 1

9 - 12	2. mars- 27. ars Kátir dagar og Flóafár 18. -20. mars	- Lestur +verkefni - Hlustun - Leikur að læra - Heimildavinna - Tónlist - Skapandi skrif (kynning á verkefni)	Ritun 3 (um bók) Lesskilningspróf 2 Heimildaritgerð Hlustunarpróf 2
13 - 17	30. mars – 24. apríl Páskafri frá 30. mars – 6. apríl	- Hlustun + verkefni - Lestur - Undirbúningur kynningar - Hlustun + verkefni - Ritun - Heimildavinna - Leikur að læra	Skil á heimildaritgerð Kynning 2
18 -19	27. apríl - 13. maí	Verkefnavinna og lokaskil á prófum og verkefnum	Munnlegt próf úr bók

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er símatsáfangi og eru öll verkefni metin til námsmats. Ljúka þarf námsmati úr öllum færniþáttum. Nemendur þurfa að fylgjast vel með upplýsingum á Innu og koma vel undirbúnir í hverja kennslustund.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Munnlegt	Tvær munnlegar kynningar Munnlegt próf úr bók	20
Ritun	Ritun úr bókum	15
Lesskilningur	Þrjú lesskilningspróf (ólesinn texti)	30
Hlustun	Tvö hlustunarpróf (sjónvarpsþættir)	15
Heimildaritun	Þrjú stutt verkefni og heimildaritgerð	10
Virkni, áhugi og vinnubrögð	Virkni í kennslustundum, vinnubrögð heima og í skóla og framlag í tímum.	10
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, janúar 2026

Sigprúður Harðardóttir

Sólveig Sigmarsdóttir